

## Samningur

Sveitarfélagið Norðurþing og Ungmennafélagið Austri (hér eftir nefnt Austri) gera með sér svohljóðandi samning vegna starfsemi Austra.

### Markmið

Að Austra verði kleyft að vinna að áframhaldandi góðu og markvissu starfi er víkur að framgangi íþróttta innan Norðurþings. Samstarf verði á milli Sveitarfélagsins Norðurþings og Austra er snúa að samnýtingu og samvinnu vegna ýmissa viðburða innan sveitarfélagsins, á Raufarhöfn og nágrenni.

### Ábyrgð Austra

Félaginu er óheimilt að ráða til starfa aðila sem sinna börnum og ungmennum undir 18 ára aldrí í æskulýðssstarfi, einstaklinga sem hlotið hafa refsidóm vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Sama gildir um þá sem hlotið hafa refsidóm fyrir brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974, á síðastliðnum fimm árum. Ákvæði þetta nær einnig til þeirra sem falin er umsjón með börnum og ungmennum undir 18 ára aldrí á grundvelli sjálfboðaliðastarfs.

Allir þjálfarar og ábyrgðarmenn sem starfa á vegum félagsins þurfa að uppfylla skilyrði æskulýðsfélaga um hreint sakavottorð.

### Framkvæmd og fjárhagslegar skuldbindingar

Norðurþing veitir Austra :

- 281.181 krónur árið 2020
- 289.818 krónur árið 2021
- 298.512 krónur árið 2022

(hækkun er 3% á milli ára)

Austri ber ábyrgð á því að sækja greiðslur til sveitarfélagsins.

Fyrri hluti framlags, 100 þúsund krónur er greiddur út í janúar. Síðari hluti framlags er greiddur út þegar ársrekningur og ársskýrsla Austra liggja fyrir.

Í ársskýrslu skal meðal annars koma fram fjöldi félaga/iðkenda greint niður eftir aldrí og kyni.

Norðurþing leggur Austra til aðstöðu vegna starfsemi félagsins.

Norðurþing styrkir Austra um leigu á íþróttamannvirkjum.

Austri tekur að sér framkvæmdarstjórn og framkvæmd 17.júní hátíðarhalda á Raufarhöfn og aðstoðar við aðra viðburði á vegum sveitarfélagsins á Raufarhöfn sé þess óskað.

Nánari útfærsla er viðkemur samningi þessum s.s. á þætti vinnuframlags fer fram í gegnum Íþróttat- og tómstundafulltrúa Norðurþings í samstarfi og samráði við hluteigandi aðila s.s. umsjónarmann eigna, verkstjóra þjónustumiðstöðvar og fulltrúa Austra.

Samningur þessi er gerður til 3 ára og skal hann endurskoðaður á hverju ári við gerð fjárhagsáætlunar Sveitarfélagsins Norðurþings. Við endurskoðun samningsins skal farið yfir liðið ár og verkefni næsta árs. Samningur tekur gildi árið 2020

Samningur þessi skal vera aðgengilegur almenningi og birtur á vefsíðu Norðurþings.

Raufarhöfn 29.06.2020

F.h. sveitarfélagins Norðurþings

Konráð Þorlóðsson  
Norðurþing

F.h. Austra

Birna Björn Ólafsson